

**Ed.**

**170. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefnd skal í janúarmánuði ár hvert semja fjárhagsáætlun um tekjuþörf og nauðsynleg útgjöld viðkomandi kirkju á því almanaksári.

Fjárhagsáætlun þessa ber að senda sveitarstjórn, áður en niðurjöfnun útsvara hefst, og skal kirkjugjaldinu samkvæmt fjárhagsáætlun sóknarnefndar jafnað niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðshluta af útsvörum þeirra.

Af upphæð þeirri, sem sveitarstjórn þannig afhendir sóknarnefnd, ganga  $\frac{5}{6}$  hlutar til sóknarkirkjunnar, en  $\frac{1}{6}$  hluti hennar rennur í sameiginlegan kirkjusjóð sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi í landinu til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.